

**Nefndarsvið Alþingis**  
**Atvinnuveganefnd**

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga á þingskjölum 61 og 138 um breytingar á lögum um matvæli 93/1995.**

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra lýsir yfir ánægju með að fram séu komnar tillögur til breytinga á lögum um matvæli 93/1995, í átt að tilslökun á matvælalögum fyrir takmarkaða og tímabundna starfsemi einstaklinga og félagasamtaka, til sölu og framleiðslu matvæla.

Á Norðurlandi vestra hefur verið stunduð ýmis takmörkuð sala og framleiðsla matvæla, félagasamtaka og einstaklinga í fjáröflunarskyni og það strangt tiltekið í „leyfisleysi“ s.s. sala á íþróttafélaga á gulrótum, frosnum fiski, lakkrís, kökum og svo má lengi telja. Heilbrigðiseftirlitið hefur alla jafna haft í önnur horn að líta en að hafa beint eftirlit með framangreindri starfsemi en tekið við ábendingum um það sem betur mætti fara. Í kjölfarið hefur Heilbrigðiseftirlitið haft milligöngu um að koma hlutum til betri vegar, eftir því sem ástæða hefur verið til.

Hvað varðar lagtæknilegar aðgerðir til þess leyfa takmarkaða og tímabundna fjáröflunarstarfsemi, þá er praktískt að lögfesta opið ákvæði í átt við 1.gr. b í frumvarpi á þingskjali 138, þar sem ráðherra skilgreinir í reglugerð hvaða starfsemi sé undanþegin formlegu starfsleyfi, reglulegu eftirliti og gjaldtöku. Þau sjónarmið sem ætti að tiltaka sem tilefni til undanþágu væru þá að starfsemi væri; tímabundin, minniháttar og raski ekki samkeppnisstöðu annarra matvælaframleiðenda.

Það er umdeilanlegt að skilgreina sérstaklega hvað teljist til góðagerðarfélaga sbr. 2 gr. frumvarps á þingskjali 138, í lögum um matvæli og sömuleiðis takmarka gildissvið laganna og væntanlega allra reglugerða sem á lögunum byggja, eins og gert er ráð fyrir 1.gr. a í frumvarpi á þingskjali 138. Áður en framangreind leið er farin þ.e. að lögfesta 2. gr. og 1.a þá er lagt til að að kannað hvort ekki sé nægjanlegt að lögfesta einungis gr. 1.b. til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með lagasetningunni.

Frumvarp á þingskjali 61 gerir ráð fyrir að öll starfsemi verði leyfisskyld og að skilyrt sé að sótt verði um leyfi til heilbrigðisnefndar. Ef frumvarpið verður að

lögum þá verður Sunddeild Tindastóls eftir sem áður, skylt að sækja um leyfi fyrir sölu á gulrótum. Sama á við um krakkana í 10 bekk í Fjallabyggð ef þau hyggjast baka og selja kleinur til fjáröflunar á útskriftarferð, en væntanlega lenda umræddar kleinur að stærstum hluta á borðum vina og ættingja.

Undirritaður telur vænlegra að fara þá leið að skilgreina almenna undanþágu sbr. gr. 1.b á þingskjali 138 í stað þess að heilbrigðisfulltrúar séu í þeim verkum að gefa út sérstakt leyfi fyrir hvert og eitt götugrill, bekkjarsölu, kökubasar og kirkjukaffi.

Virðingarfyllst  
Sigurjón Þórðarson  
heilbrigðisfulltrúi